

279. fundur

Þriðjudaginn 4. febrúar 2020, kom verðlagsnefnd búvara saman til fundar í fundarsal á 1. hæð í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, Skúlagötu 4.

Þeir sem sátu fundinn voru: Friðrik Már Baldursson, formaður, Guðrún Lárusdóttir, Helga Ingólfssdóttir, Jóhanna Hreinsdóttir, Margrét Gísladóttir, Pálmi Vilhjálmsson og Ragnar Árnason. Í síma var Hálfaldán Óskarsson. Þá sat Arnar Freyr Einarsson einnig fundinn.

Þetta gerðist á fundinum:

Formaður tók þetta fyrir samkvæmt dagskrá:

1. Fundargerð.

Lögð fyrir í tölvupósti. Samþykkt.

2. Fundaáætlun.

Ákveðið að boðað verði til fundar að minnsta kosti ársfjórðungslega. Fundir verða haldnir í annari viku hvers mánaðar þegar verðlagsgrundvöllur kúabús er uppfærður, þ.e. mars, júní, september og desember. Metið verður hverju sinni hvort fundir verði haldnir á milli fastra funda.

3. Verklagsreglur.

Drög að verklagsreglum lögð fram. Verklagsreglurnar draga fram meginatriði IV. kafla búvörulaga nr. 99/1993 um hlutverk og verkefni nefndarinnar auk verklags við verðákvarðanir og annarra verkefna. Umræður um hvort æskilegt væri að einfalda verklagsreglurnar enn frekar og að það væri í höndum sitjandi nefndar hvers tíma að ákveða hvort breytinga væri þörf. Verklagsreglurnar voru að samþykktar. Einn nefndarmaður, Ragnar Árnason, taldi verklagsreglur í þessari mynd óþarfar og e.t.v. skaðlegar og sat hjá.

4. Endurskoðun verðlagsgrundvallar.

Lögð fram drög að formlegu erindi verðlagsnefndar til Hagstofu Íslands um ósk um samstarf um gagnaöflun og gerð nýs verðlagsgrundvallar kúabús. Verðlagsgrundvöllinum er skv. búvörulögum ætlað að endurspeglar rekstur kúabús af hagkvæmri stærð. Talsverðar breytingar hafa orðið á slíkum rekstri sl. 20 ár eða frá því að núgildandi verðlagsgrundvöllur var settur upp. Verðlagsgrundvöllur er helsta gagn nefndarinnar við verðákvarðanir og hefur á þessum tíma tekið litlum breytingum. Í 11. gr. búvörulaga nr. 99/1993, er kveðið á um að verðlagsnefnd geti stofnað til sérstakra rannsókna í því skyni að fá betri upplýsingar um þau atriði sem máli skipta fyrir verðlagningu. Á fyrri stigum hefur nefndin fengið gögn frá Hagstofu fyrir uppfærslu verðlagsgrundvallar. Skv. minnisblaði frá Sveini Agnarssyni til nefndarinnar er talin þörf á enn frekari gagnavinnslu og -söfnun eigi að ráðast í breytingar. Samþykkt að fylgja málinu eftir og senda erindið.

5. Verð á landbúnaðarhráefnum til matvælaframleiðslu

Lagt fram erindi Samtaka Iðnaðarins um leiðir til að jafna samkeppnishæfni innlands landbúnaðarhráefnis til matvælaframleiðslu. Í erindinu er sérstaklega vikið að mjólkurdufti og smjöri til iðnaðarframleiðslu. Umræður um málið. Ákveðið að þrjú fulltrúar nefndarinnar skoði málið ítarlega frá öllum hliðum á milli funda og verði tekið aftur fyrir.

6. Erindi um hlutverk, störf og gögn nefndarinnar

Dagskrárlið frestað til næsta fundar.

7. Önnur mál.

Ekki komu fram önnur mál.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 12:00.

Friðrik Már Baldursson

Arnar Freyr Einarsson

280. fundur

Priðjudaginn 7. apríl 2020, kom verðlagsnefnd búvara saman til fjarfundar.

Peir sem sátu fundinn voru: Friðrik Már Baldursson, formaður, Arnar Árnason, Guðrún Lárusdóttir, Helga Ingólfssdóttir, Jóhanna Hreinsdóttir, Pálmi Vilhjálmsson og Ragnar Árnason. Forföll boðaði Hálf dán Óskarsson. Þá sat Arnar Freyr Einarsson einnig fundinn.

Þetta gerðist á fundinum:

Formaður tók þetta fyrir samkvæmt dagskrá:

1. Fundargerð.

Afgreitt í tölvupósti milli funda. Samþykkt.

2. Staða endurskoðunar verðlagsgrundvallar.

Formaður greindi frá því að Hagstofa Íslands hafi mótttekið erindi verðlagsnefndar um ósk um samstarf um gagnaöflun og gerð nýs verðlagsgrundvallar kúabús. Þar er vinna farin af stað um hvernig rannsókn á rekstri kúabúa gæti verið háttáð við endurskoðun verðlagsgrundvallar. Hins vegar mun verkefnið dragast vegna áhrifa Covid-19 faraldursins á starfsemina. Formaður og ráðuneyti verða í samskiptum við stofnunina.

3. Verðlagning á mjólkurdufti.

Formaður greindi frá eftirfylgni Samtaka Iðnaðarins vegna erindis um verð landbúnaðarhárfnum til iðnaðarframleiðslu. Umræður um undanrennu- og nýmjólkurduft. Ljóst að slíkar vörur séu annars eðlis en þær vörur sem verðlagðar eru og seldar eru í smásölu, hvað varðar viðskiptasambönd og samningsstöðu á kaupenda- og seljendahlið. Formaður lagði til að mjólkurduft yrði tekið út af lista sem háðar eru verðákvörðun nefndarinnar, með þeim rökum að um er að ræða aðfangavöru í iðnaði þar sem fáir stórir aðilar eru á kaupendahlið og að aðilar markaðsins séu færir um að semja um verð sín á milli. Umræður. Bent var á að ákveðið jafnvægi væri í núgildandi kerfi gagnvart öðrum vörum og það myndi raskast með slíkri ákvörðun. Skoða þurfi málið frá öllum hliðum, svo sem búvörusamningum og verðlagningarkerfinu í heild sinni. Endurskoðun á fyrirkomulagi verðlagningar standi yfir og æskilegt væri að fjalla um málið á þeim vettvangi. Samþykkt með meirihluta að fresta málinu þar til það hefur verið rannsakað betur.

4. Verðlagsgrundvöllur kúabús.

Lagður fram framreiknaður verðlagsgrundvöllur kúabús fyrir 1. mars 2020. Gjaldaliðir grundvallarins hafa hækkað um 0,33% frá 1. desember 2019. Lágmarksverð til framleiðenda var hækkað um 2,5% í janúar byrjun 2020. Sú hækkun kom á móts við hluta hækkunar frá þarsíðustu verðlagningu 1. september 2018. Samanlögð hækkun gjaldaliða frá verðlagningu í september 2018 að frádreginni 2,5% verðhækkun um áramót er 3,74%. Að loknum ítarlegum umræðum um þróun og stöðu endurskoðunar verðlagsgrundvallarins var staðfestur af meirihluta. Bókun: Helga Ingólfssdóttir telur framlagðan verðlagsgrundvöll ekki endurspegla bú af hagkvæmri stærð sbr. 8. gr. búvörulaga nr. 99/1993.

5. Ákvörðun um verðlagningu til framleiðenda.

Formaður lagði til að verðákvörðun yrði frestað um sinn í ljósi fordæmalausra aðstæðna um þessar mundir og mikillar óvissu. Umræður. Ljóst að fyrirkomulag verðlagningarkerfisins er að mæta kostnaðarhækkunum sem þegar hafa fallið til. Fram kom að þrátt fyrir að t.d. spár Seðlabankans gera ekki ráð fyrir miklum verðbólguáhrifum hafa ýmis aðföng hækkað nokkuð vegna gengisáhrifa. Mikilvægt er að viðhalda stöðum landbúnaðar, sérstaklega í ljósi aðstæðna. Vilji er til að sýna samfélagslega ábyrgð en þó ljóst að mikilvægt sé fyrir bændur og iðnaðinn að tekin verði verðákvörðun á næstunni. Samþykkt hafi verið við síðustu verðlagningu að geyma hluta hækkunar og tíðni verðákvörðana aukin eftir atvikum, til að koma í veg fyrir uppsöfnun á hækkunarpörf. Ákveðið að fresta ákvörðun um verðlagningu en að stefnt verði að fundi síðari hluta máí.

6. Önnur mál.

Á fundinum kom fram að nefndarmenn leggi áherslu á að vinnu við endurskoðun verðlagsgrundvallar verði hraðað sem kostur er.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 14:45.

281. fundur

Miðvikudaginn 27. maí 2020, kom verðlagsnefnd búvara saman til fundar í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu.

Peir sem sátu fundinn voru: Friðrik Már Baldursson, formaður, Arnar Árnason, Guðrún Lárusdóttir (í fjarfundarbúnaði), Jóhanna Hreinsdóttir, Pálmi Vilhjálmsson og Ragnar Árnason. Forföll boðuðu Helga Ingólfssdóttir og Hálfván Óskarsson áheyrnarfulltrúi. Þá sat Arnar Freyr Einarsson einnig fundinn.

Þetta gerðist á fundinum:

Formaður tók þetta fyrir samkvæmt dagskrá:

1. Fundargerð.

Afgreitt í tölvupósti milli funda. Samþykkt.

2. Staða á endurskoðun verðlagsgrundvallar.

Verkefnið hefur frestast hjá Hagstofu Íslands vegna áhrifa Covid-19 faraldursins. Formaður og fulltrúi ráðuneytis munu funda með Hagstofunni.

3. Verðlagsgrundvöllur kúabús fyrir júní 2020.

Lagður fram framreiknaður verðlagsgrundvöllur kúabús fyrir 1. júní 2020. Gjaldaliðir grundvallarins hafa hækkað um 1,69% frá 1. mars 2020. Lágmarksverð til framleiðenda var hækkað um 2,5% í janúar byrjun 2020. Sú hækkun kom á mótis við hluta hækkunar frá þarsíðustu verðlagningu 1. september 2018. Samanlögð hækkun gjaldaliða frá verðlagningu í september 2018, að frádreginni 2,5% verðhækkun í janúar 2020, er 5,52%. Að loknum umræðum og yfirferð um þróun einstakra gjaldaliða verðlagsgrundvallarins var hann staðfestur.

4. Iðnaðarlíkan.

Lagt var fram reiknilíkan verðlagsnefndar til mats á breytingum á vinnslu- og dreifingarkostnaði mjólkur. Líkanið byggir á rauntölum úr ársreikningi Mjólkursamsölnunar og rekstraruppgjöri. Frá desember 2019 til maí 2020 er reiknuð hækkunarkrafa líkansins 1,16%. Samanlögð hækkunarkrafa frá þarsíðustu verðlagningu í september 2018, að frádreginni 2,5% verðhækkun í janúar 2020 er 3,85%.

5. Verðlagning.

Umræður um niðurstöður framlagðra gagna. Borin var fram tillaga um 5,5% hækkun á lágmarksverði til bænda og að vegið heildsöluverð mjólkurvara yrði hækkað um 4,69%, þó þannig að smjör yrði hækkað um 8% umfram aðrar vörur sem hækka samsvarandi minna. Útreikningar byggja á verðlagsgrundvelli kúabús og hækkunum á vinnslu- og dreifingarkostnaði mjólkur frá verðlagningu í september 2018 að frádreginni verðlagningu í janúar 2020. Samkvæmt verðlagsgrundvelli kúabús var um að ræða 8,02% hækkun heildarkostnaðar frá 1. september 2018 og reiknaða 6,35% hækkun vinnslu- og dreifingarkostnaðar frá september 2018 til 1. júní 2020. Þann 1. janúar 2020 tók gildi verðhækkun sem nam að jafnaði 2,5% á verði til framleiðenda og afurðastöðva.

Ákvörðun var tekin um að lágmarksverð 1. fl. mjólkur hækki um 5,5% eða úr 92,74 kr./ltr í 97,84 kr./ltr. Jafnframt var tekin ákvörðun um að almennt heildsöluverð á mjólk og mjólkurafurðum, sem nefndin verðleggur, hækki þann 1. júní 2020 um 4,28%. Samfara því var tekin sérstök ákvörðun um 12% hækkun á smjöri, en heildsöluverð á smjöri hefur verið undir framleiðslukostnaði um árabíl. Vegin hækkun heildsöluverðs er því 4,69%.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 16:15.